

Stjórnarfundur í síma 10.janúar 2019.

Fundardagskrá :

1. Formlega tekið við Landsmóti ehf.
2. Erindi frá BÍ þátttaka vegna baráttu gegn innflutningi á hráu kjöti. Óskað eftir 200 þús.
3. Sölusýningar; hvernig gekk – ekki mikil kostnaður f. FHB – gera könnun - er ástæða til að halda sýningu í mars/apríl ? Allir hugsi málið
4. Erindi til BÍ og samkomulagsdrög vegna m.ö átaksverkefnis.
5. Önnur mál.

Formaður setti fundinn og bauð Heiðrúnu Eymundsdóttir velkomna í stjórn félagsins.

Nú liggur fyrir að félagið er endanlega orðið eigandi að Landsmóti ehf en eigendaskipti fóru fram um áramót en ákvörðun um að taka við hlut BÍ var tekin á aðalfundi félagsins s.l haust. Við lítum á það sem tækifæri að tengjast landsmótahaldinu með beinum hætti enda stendur það nærri búgreininni að hafa áhrif á þann mikilvæga viðburð sem landsmót er á hverjum tíma.

Óskað hafði verið eftir fjárstuðningi frá BÍ í baráttu gegn innflutningi á hráu kjöti. Stjórn sá sér ekki fært að verða við þeirri ósk, en hefur þegar lýst yfir stuðningi við þann málflytning og aðgerðir sem BÍ hefur staðið fyrir.

Farið var yfir hvernig til hefur tekist með sölusýningar félagsins til þessa og hafa þær gengið vel og stjórn einhuga um að halda áfram að bjóða uppá sína aðkomu til að sölusýningum sé þess óskað.

Gjaldkeri og formaður hafa verið í sambandi við forustu BÍ varðandi það að félagið geti notið álíka stuðnings í gegnum átaksverkefni (í tengslum við búnaðarsamning) líkt og skógarbændur hafa fengið. Góður stuðningur er af hálfu BÍ að svo geti orðið og verður því unnið að því eins og hægt er.

Fleira ekki gert.